

Sandgerði

Verkefnið “Verndarsvæði í byggð”

Fornleifaskráning



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Apríl 2018

Efnisyfirlit

Heiti verkefnisins: Verndasvæði í byggð. Skilgreining.	3
Skilgreining verkefnisins	3
Skráningarsvæðið Yfirlitskort	4
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferð við skráningu	6
Saga Sandgerðis	8
Skráning 2017	9
Niðurstöður.	36
Samantekt á niðurstöðum.	37
Lokaorð.	40
Heimildaskrá.....	41
Kort með fornleifunum	42

Heiti verkefnisins: Verndarsvæði í byggð. Skilgreining.

Fornleifaskráning var gerð á þessum áðunefndu svæðum árið 2004: “Fornleifaskráning Sandgerði og Býjasker að hluta” var gerð af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi MA.

Skilgreining verkefnisins

Verkefninu “Verndarsvæði í byggð” var úthlutað til Sandgerðis af Minjastofnun Íslands árið 2017. Landið, sem er skilgreint sem verndarsvæði, liggur í landi Sandgerðis þar sem liggja lönd Krókskots, Landakots og Nýjabæjar sem sameinaðist Krókskoti 1883. Landsvæðið er að mestu leiti grasivaxið þar sem byggingar, bæði eldri og yngri, standa við útjaðar þessa afmarkaða verndarsvæðis, og einstaka byggingum sem eru innans svæðisins. Svæðið liggur í vesturhluta Sandgerðis og afmarkast af Tjarnargötu, Brekkustíg, Hlíðargötu, Austurgötu, Víkurbraut, og Strandgötu.


Verkefnið verndarsvæði í byggð felur meðal annars í sér fornleifaskráningu innan þess afmarkaða svæðis sem er skilgreint sem verndarsvæði í byggð. Að beiðni Kanon arkitekta, fyrir hönd Sandgerðisbæjar, var fornleifaskráningin unnin af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi MA. Vettvangsskráning fór fram 17/8 2017.

Fornleifaskráning fyrir þetta afmarkaða svæði var áður gerð fyrir Sandgerðisbæ 2004 og unnin af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi MA, Fyrri skráningin er því höfð til viðmiðunnar fyrir þessa nýju skráningu.

Við skráningu 2017 eru minjar sem skráðar voru 2004 endurskráðar og metnar sérstaklega hvort þær hafa tekið breytingum á þessum árum sem líða á milli skráninga. Þá er skráning minjanna frá 2004 látin standa undir nýskráningunni, og þar eru m.a. sögulegar heimildir um viðkomandi fornleif. Skráðar minjar 2004 voru 13, en við skráninguna 2017 eru skráðar 16 minjar.

Við þessa skráningu 2017 er stuðst við heimildarvinnu fornleifaskráningarinnar frá 2004, þar sem gerð grein fyrir heimildum varðandi skráðar fornleifar, og ekki hafa komið fram aðrar heimildir en þær sem voru gerðar við skráningu 2004 með undantekningu á þeim fornleifum sem skráðar voru sem nýskráningar í þessari skráningu. Þá hafa heimildir þeirra verið skráðar sérstaklega. Fornleifaskráningin frá 2004 er skáletruð undir hinni nýju skráningu sem gerð var 2017.

Skráningarsvæðið Yfirlitskort



Afmörkun verndarsvæðisins

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Lög um menningarminjar frá 2013

Í 1. grein laganna segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein laganna er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfrandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra. 6

Í 6. grein segir um rannsóknir á fornleifum:.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. grein segir um *Skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun

skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirlönd skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skytt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24. grein segir um: *Áður ókunnar fornminjar.*

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skytt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. 7

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram, hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. grein.

Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2 2

Aðferð við skráningu

Svæðið sem er skilgreint sem “Verndarsvæði í byggð” er afmarkað innan gatnanna sem liggja að því sem eru: Tjarnargata, Brekkustígur, Hlíðargata, Austurgata, Víkurbraut, og Strandgata. Svæðið er innan lands Sandgerðs og innan þessa lands liggja Króskstún og Landakotstún.

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Við þessa skráningu 2017 er stuðst við heimildarvinnu fornleifaskráningarinnar frá 2004, þar sem gerð grein fyrir heimildum varðandi skráðar fornleifar, og

ekki hafa komið fram aðrar heimildir en þær sem voru gerðar við skráningu 2004 með undantekningu á þeim fornleifum sem skráðar voru sem nýskráningar í þessari skráningu. Þá hafa heimildir þeirra verið skráðar sérstaklega.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið, skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar, eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er staðsett í landi, mæld og ljósmynduð.

Ef minjar koma í ljós er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og í hve mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Við skráningu 2017 eru minjar sem skráðar voru 2004 endurskráðar og metnar sérstaklega hvort þær hafa tekið breytingum á þessum árum sem líða á milli skráninga. Þá er skráning minjana frá 2004 látin standa undir nýskráningunni og þar eru m.a. sögulegar heimildir um við komandi fornleif. Skráðar minjar 2004 voru 12, en við skráninguna 2017 eru skráðar alls 16 minjar.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar og hefur númerið **1892**- að viðbættum hlaupandi númerum innan verkefnisins. Minjar eru mældar inn með mæld upp með Trimble ProXrs tæki. Skráðar voru 16 minjar innan þessa afmarkaða svæðis, “Verndarsvæði í byggð”

Saga Sandgerðis

Landnáms Sandgerðis er ekki getið í Landnámu, en þar er sagt að Ingólfur hafi gefið frændkonu sinni, Steinurði hinni gömlu, Rosmhvalnes allt að Hvassahrauni.¹

Sandgerðis er getið í Fornbréfasafni frá 1270, en þar er skrá um rekaskipti og greint frá rekahlut Sandgerðis ásamt 16 annarra bæja. Frá sama ári er önnur skrá um skiptingu hvalreka milli fimm bæja, þar á meðal Sandgerðis.²

Jarðamat frá 1703, segir að Sandgerði sé talið 60 hundruð að dýrleika, eigandi jarðarinnar sé Vilhjálmur Jónsson lögréttumaður og býr hann þar sjálfur. Hjáleigur frá Sandgerði, eru Bakkakot, Krókskot, Landakot, Tjarnarkot, Hardhaus, Gata, Stöðulkot sem er byggt fyrir einu ári, Backabúð sem hefur verið 10 ár í eyði og Helgakot sem hefur verið í eyði í 30 ár.³

Jarðatal frá 1847 segir jörðina vera í bændaeign, ábúendur tveir og eigendur einnig tveir. Dýrleiki sé 60 hundruð og hjáleigur séu sjö, Bakkakot, Krókskot, Landakot, Stöðulkot, Tjarnarkot og Gata.

Á túnakorti frá 1919, er uppdráttur af Sandgerði ásamt hjáleigunum Tjarnarkoti, Landakoti, Krókskoti, þurrabýlunum Stöðulkoti, Litla Stöðulkoti og Fagurhól. Á túnakortinu er Sandgerðistún sagt vera 7,2 teigar, og kálgarður 2300 m².⁴

Markalína fyrir Sandgerði er yst á merkjum á mótum Bæjarskerjum á svæði sem heitir Lönd. Í sandinum í fjöru er Sandgerðismerkjasker, og svo er lína upp til heiðarinnar í Sjónarhól og þaðan í stefnu í Kolku á Háaleiti sem komin er undir flugvöllinn. Norðaustur af Digruvörðu í innsiglingarmerki er smáhóll sem heitir Steinbítshóll. Neðri hluti landanna var að eyðast af sjávargangi og uppblæstri, en er nú að gróa upp. Vegurinn upp á Miðnes liggur um löndin. Þau ná inn að götu sem er nokkuð suður af Krókskoti inni í þorpinu Sandgerði. Sandgerði á upp í Þrívörður sem er á hreppamerkjum.⁵

Náttúrufar og jarðabætur

Talið er að Sandgerði hafi kallast Sáðgerði áður fyrr, og er þá vísað í mikla akra eða tún sem enn sjást merki um, svo og áveituskurði. Í munnmælum er sagt að Gullbringa sú sem sýslan er kennd við, hafi haft akra sína í Sáðgerði, og að hún hafi gefið þræli sínum Uppsa sem hann síðan kallaði Uppsali, sem er ekki langt frá Sáðgerði.⁶

Á Reykjanesi og í sjónum í kring hafa eldsumbrot verið tíð í gegnum tíðina, allt frá árinu um 1000.⁷

¹ Landnáma I. bindi, síðari hluti. 1965, 392

² Íslenskt Fornbréfasafn II, frá 1253- 1350, 76-79

³ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1703, 58-62

⁴ Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1919

⁵ Ari Gíslason. 1951-1958. Örnefnaskrá.

⁶ Magnús Grímsson. 1936-40, II 248-249

⁷ Gunnar M. Magnúss. 1963, 9-10, 248-249

Skráning 2017

Sandgerði 1892- 1



Mynd 1. Horft til norðurs yfir tóftina og grópina sem er til vinstri

Hlutverk: Fjárhús/heygróp

Tegund: Tóft

Aldur: 1900

Staðsetning: Isnet: X 398262.5 Y 319080.8

Þvermál: 1-2 m

Hleðsluhæð: 1.40 m

Lengd: 8-9 m

Breidd: 10 m

Ástand: Vel greinanleg fornleif.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna rasks, framkvæmda, af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.

Staðhættir: Tóftin er í **Landakotstúni**, vestan Hlíðargötu.

Lýsing: Tóftin er mjög grasivaxin, en hún er grjóthlaðin. Hleðslur ekki vel sýnigar vegna gróðurs. Veggir eru nokkuð heillegir, sérstaklega norðurhlið sem hefur mjög jafna og háa hleðslu um 1.40 m. Austur- og vesturhlið eru aðeins lægri og óreglulegri. Við vesturhlið tóftarinnar er gróp/heygróp, og eru veggir niðurgrafnir um 1 m á hæð, og illa sést í hleðslur vegna grasvaxtar. Hólfíð er um 2 m á breidd og um 4 m á lengd. Kantur er við gróparbrúnina sem er allt að 1 m á breidd, og um 0.50 m á hæð. Opið er í tóftina og grópina til suðurs.


Kanturinn er mjög grasivaxinn og ekki sést í hleðslur.

Bæði tóftin og grópin eru opin til suðurs.

Aðrar upplýsingar:


Tóftin er á túnakorti frá 1919 í landi Krókskots.

Heimildaskrá: *Túnakort*. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.




Mæling af tóftinni 2017.

Skráning 2004



Mynd 13. S- 181043 60 – 44. Horft yfir tóftina til norðurs. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.

Sandgerði 181043 60 – 44



Teikn 8. S- 181043 60 – 37. Tóft.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 64, 2, 24,7000 (-64,04019444) V: 22, 42, 12,2000 (-22,70338889)

Þvermál: 1-2 m

Hleðsluhæð: 1.40 m

Lengd: 8-9 m

Breidd: 10 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging, vegagerð, skógrækt

Staðhættir

Tóftin er í Landakotstúni, vestan Hlíðargötu.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, veggir nokkuð heillegir, sérstaklega norðurhlið sem hefur mjög jafna og háa hleðslu um 1.40 m. Austur- og vesturhlið aðeins lægri og óreglulegri. Við vesturhlið tóftarinnar er síðan annað hól og er það minna, og eru veggir þess niðurgrafnir og 1 m á hæð. Bæði hólfín eru opin til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er á túnakorti frá 1919.

Heimildaskrá

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

Aðrar upplýsingar: Frá skráningunni 2004 hefur garsvöxtur tekið yfir tóftaveggina og grópina og næsta umhverfi, og tóftarveggirnir hafa sigið nokkuð saman. Þá má einnig sjá að í tóftina og grópina hefur verið hent rusli sem ekki á þar heima.

Sandgerði 1892 - 2



Mynd 2. Horft til norðurs yfir Álfhól. Garðlagið efst á hólnum

Sérheiti: Álfhóll

Hlutverk: Álfabústaður

Tegund: Náttúruminjar

Aldur: Ekki eru neinar heimildir um hvenær fyrst var talið að Álfhóll væri Álfabústaður

Staðsetning: Ísnet **hnit:** X 398329.4 Y 319075.8

Ástand: Heillegar fornleifar

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Rask

Staðhættir: Álfhóll er á opnu svæði norð-vestan Víkurbrautar á smá hól í grasigrónu túni.

Lýsing: Álfhóll er grasivaxinn hól sem er nokkuð vel sýnilegur í sléttu túninu sem liggur að honum. Á hólnum má greina garðlag sem liggur í hálfhring þar sem ytri brúnir garðlagsins renna saman við landið í kring.

Munnmæli:

Í heimild frá Berent Magnússyni segir að Álfhóll sé bústaður álfa og fullyrt að þar hrekist aldrei hey.

Aðrar upplýsingar: Þessar minjar voru ekki skráðar sérstaklega í skráningunni 2004.

Heimildaskrá: Ari Gíslason. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

Sandgerði 1892 - 3



Mynd 3. Horft til norðurs yfir brunnstæðið.

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Aldur: 1700

Staðsetning: Ísnet **hnit:** X 398333.1 Y 318971.6

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir, ábúð

Staðhættir: Í landi Krókskots í miðju túni milli Víkurbrautar og Hlíðargötu.

Lýsing: Brunnurinn er á smá hól í túninu, steipt hefur verið í kringum hann.

Rammi brunnsins er nú um 1.20 x 1.20 m og hæðin um 0.50 m, en hefur verið

hærri en gróður hefur teygst sig upp hliðar rammans í kringum hann,

Ekki sést í hleðslur í brunninum vegna gróðurs og rusls sem er nú innan rammans.

Heimildaskrá: *Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.1919.*

Skráning 2004



Mynd 1. 181043 60 - 5. Horft í suður yfir brunnstæðið.

Sandgerði 181043 60 - 5

Sérheiti: Krókskot

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 64,02.391 V: 22,42,278

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging, Ábúð

Staðhættir

Í landi Krókskots í miðju túni milli Víkurbrautar og Hlíðargötu.

Lýsing

Brunnurinn er á smá hól í túninu, steipt hefur verið í kringum brunninn.

Heimildaskrá

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands.1919.

Aðrar upplýsingar: Kringum brunninn er steiptur rammi. Brunnurinn hafi verið vatnsból fyrir Krókskot (Jarðabók 1703). Leiða má líkum að því að brunnurinn hafi einnig þjónað nærumhverfinu með vatn.

Sandgerði 1892 – 4



Mynd 4. Horft til suður yfir tóftarvegg



Mynd 5. Horft til norðvestur yfir tóftina.

Myndirnar tvær sýna samfellu þar sem gróðurinn tengir þær saman, til samnburðar við myndina sem tekin var 2004 á baklóð Austurgötu 7, þar sem snúrustaurinn er á sama stað frá fyrri skráningu.

Sérheiti: Nýibær

Hlutverk: Býli

Tegund: Garðlag

Aldur: 1850

Staðsetning: Ísnet hnit: X 398162.9 Y 319141.4

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: Um 28 m

Breidd: 1-2 m

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Horfin: Sléttað yfir

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegna bygginga eða rasks.


Staðhættir: Fyrir norðan húsið Austurgötu 7, Þórshamar á lóðamörkum.

Lýsing: Grasigróin garðlög, ekki sést í hleðslur. Garðlagið er L- laga þar sem langhliðin í norður er um 28 m og um 1-2 m breitt, armurinn sem liggur austan við er um 12 m langur og 3 m breiður. Frá skráningunni 2004

Aðrar upplýsingar: Örnefnaskrá: Nýibær var býli skammt austan Krókskots, sem 1883 var sameinað Krókskoti þegar Magnús Eyjólfsson bóndi í Nýjabæ keypti Krókskot af Jóni Jónssyni í Keflavík. Nýibær stóð um 50 metrum norðan Þórshamars, Austurgötu 7. Þar sem síðan var löngum einn af kartöflugörðum Krókskots.

Heimildir: Loftur Altice Þorsteinsson. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Gullbringu- og Kjósasýslu Miðneshreppur.


Skráning 2004



Mynd 14 .S- 181043 60 – 46. Horft í norð- austur yfir bæjarstæði Nýjabæjar, til vinstri á myndinni sést í hleðsluna sem er númer 45. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.

Sandgerði 181043 60 – 46

Sérheiti: Nýibær



Teikn 15. S - 181043 60 – 46. Tóft.

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 64, 2, 21,5000 (-64,03930556) V: 22, 42, 5,1000 (-22,70141667)

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 14 m

Breidd: 6 m

Ástand: Óljóst

Horfin: Að mestu

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir

Fyrir norðan húsið Austurgötu 7.

Lýsing

Grasigrónar hleðslur, hleðslugrjót. Hleðslurnar eru sýnilegar sem breiðar upphækkunarir, því fyllt hefur verið í tóftina. Þær sjást best á austur- og vesturhlið en sjást annars í köntunum.

Aðrar upplýsingar

Nýibær sést ekki á túnakorti frá 1919.

Heimildaskrá

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919.

Aðrar upplýsingar: Frá skráningunni 2004 hefur vestari armur tófarinnar verið fjarlægður, en hann var um 6 m langur og 5 m breiður og lá frá norðurvegg í suður frá tóftinni. Þá hafa verið gróðursett tré u.þ.b, fyrir miðri norðurhlið garðlagsins. Þá hefur garðlagið verið lengt til vesturs eftir lóðamörkunum,

Sandgerði 1892 - 5



Mynd 6. Horft til vesturs yfir matjurtagarðinn frá Krókslandi sem er ti hægri við trén.

Hlutverk: Matjurtagarður (Krókskot)

Tegund: Garðlög

Aldur: 1900

Staðsetning: Ísnet hnit: X 398199.3 Y 319210.0 / X 398202.6
Y 319210.1

Þvermál: 0.30 m

Hleðsluhæð: 0.25 m

Breidd: 4-5 m

Ástand: Illgreinanlegt

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir.

Staðhættir: Norðan við íbúarhúsið Austurgötu 7 er bæjarstæði Nýjabæjar á lóðamörkum. Norðan við bæjarstæðið eru tvö illa greinanleg garðlög.

Lýsing: L-laga garðlag, mjög óljóst og mjög grasivaxið. Lengri armurinn, sem liggur austur vestur, er um 19 m á lengd, og styttri armurinn í norður-suður um 8 m á lengd.

Þá er garðlag sem liggur norður suður og liggur fast út frá vesturhluta L-laga garðlagsins. Þetta garðlag er um 10 m langt og liggur í norður-suður með um 1 m garðbút sem liggur í austur.

Bæði garðlögin eru mjög grasivaxin, og ekki sést í neinar hleðslur í þeim. Svæðið allt er nú mjög grasivaxið og er ekki lengur notað fyrir matjurtagarð.

Aðrar upplýsingar: Nýibær stóð um 50 metrum norðan Þórshamars, Austurgötu 7. Þar sem síðan var löngum einn af kartöflugörðum Krókskots

Heimildir: Loftur Altice Þorsteinsson. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Gullbringu- og Kjósasýslu, Miðneshreppur.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 - 4

Sérheiti: Krókskot/Brúnir

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 64, 2, 21,7000 (-64,03936111) V: 22, 42, 5,5000 (-22,70152778)

Hættumat: Lítil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar

Staðhættir

Nýibær stóð um 50 metrum norðan við húsið Þórshamar þar sem síðan var löngum einn af kartöflugörðum Krókskots/Brúnir.

Lýsing

Þarna er nú tún og hleðslur frá húsinu Nýjabæ, og veggjahleðsla norðan við kringum smá kálgarð.

Kálgarður Krókskots sagður vera 500 m² samkvæmt túnakorti frá 1919.

Aðrar upplýsingar

Garðbrotið sem er þarna núna er gæti hafa tilheyrt Nýjabæ þegar hann var í byggð.

Heimildaskrá

Berent Magnússon bóndi í Krókskoti, fæddur 1889. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1996.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 - 45

Sérheiti: Nýibær

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 64, 2, 21,7000 (-64,03936111) V: 22, 42, 5,5000 (-22,70152778)

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 0.30 m

Lengd: 10 m

Breidd: 4-5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Norðan við bæjarstæði Nýjabæjar.

Lýsing: L-laga hleðsla, mjög óljós, grasivaxin.

Aðrar upplýsingar: Þarna er nú matjurtagarður. Hugsanlegt er að þarna hafi verið útihús áður en farið var að nota þetta fyrir kálgarð. Á túnakorti frá 1919 er ekkert að sjá að þarna hafi verið neitt.

Heimildaskrá: Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919

Athugasemd. Við skráninguna 2004 voru garðlög í norður frá Þórshamri og Nýjabæ skráð undir tveimur númerum *Sandgerði 181043 60 / 4 Sandgerði 181043 60 – 45*. Þá hefur við þessa nýju skráningu verið skráð garðlag sem liggur fast vestan við nyrsta garðlagið. Skrásetjari telur réttara að þessar tvær skráðu minjar falli saman í eina, þar sem erfitt er að greina á milli þeirra. Það er hversu minjarnar eru ógreinanlegar hvor frá annari vegna gróðurs og sinu sem hefur tekið yfir landi. Er því í þessari nýju skráningu þessar tvær minjar skráðar saman undir Sandgerði 1892 – 5.

Sandgerði 1892 - 6



Mynd 7. Horft til suður til vinstri er fjósbygging, og íbúðarhús á bæjarstæði Landakots.

Sérheiti: Landakot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Aldur: 1700

Staðsetning: Isnet hnit: X 398322.1 Y 319084.7

Ástand: Horfið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Byggt hefur verið á bæjarstæðinu, fiskverkunnarhús og íbúðarhús.

Lýsing: Ekki sést til fyrri bygginga fyrir þeim byggingum sem þarna hafa verið reistar.

Aðrar upplýsingar: Jarðabók 1703 Árna Magnússonar og Pals Viídalín.

Landakot þriðja hjáleiga frá Sandgerði.

Jarðardýrleiki óviss.

Ábúandinn er Þórður Þórarinsson.

Landskuld 60 álnir. Greiðist með þremur vættum fiska í kaupstað eða til heimabóndans.

Timbur til húsviðgerða hefur ábúandinn lagt til með styrk heimabóndans.

Leigukúgildi eru tvö. Leigur greiðist í fiski eða smjöri til heimabóndans.

Kúgildið er yngt upp af heimabóndanum.

Kvaðir eru um mannslán árið um kring,

Kvikfénaður tvær kýr, tvö hross.

Fóðrið er fyrir eina kú og einn vetrúngur naumlega.

Heimilismenn fimm.

Eldiviðartaka í fjörunni mjög lítil, það sem húsmaðurinn þarf meira verður hann annarsstaðar að fá.

Sölvatekja og önnur hlunnindi fjörunnar þar fyrir utan hefur hann óskammtað.

Bls. 60.

1847 Jarðatal Johnsens frá segir um Sandgerði:

Er í bændaeign og er 60 af dýrleika, landskuld 2.0, kúgildi tvö. Ábúendur tveir eigendur. Jörðin hafi sex hjáleigur og er **Landakot** ein af þeim, þar er landskuld 0.60, kúgildi tvö, og ábúandi einn leiguliði.

Í skýringum í Jarðatali segir: að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og A. M. (með hér greindum leigumála) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

Aðrar upplýsingar: Þessi garður var ekki skráður í skráningunni 2004.

Heimildaskrá: Jarðabók Árna Magnússonar og Pals Viídalín 1703, bls. 60.

Jarðatal J. Johnsens. Kaupmannahöfn. 1847, bls. 87.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919

Sandgerði 1892 - 7



Mynd 8. Horft eftir garðinum til vesturs.

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Aldur: 1900

Staðsetning: Ísnet hnit: X 407789.7 Y 356565.4

Þvermál: 0.50 m

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 140 m

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættumat: Hætta

Staðhættir: Garðurinn liggur milli norðurhliðar Landakotstúns og lóðanna sem tilheyra húsum sunnan Brekkustígs. Þá kemur beygja á garðinn og hann liggur vestan við húsið Hlíðarbraut 15 á um 15 m út að slóðanum sem liggur að Hlíðarbraut 11.

Lýsing: Undirhleðslan, garðurinn liggur austur-vestur og beygir þá til suðurs um 15 m og er einhlaðinn úr grjóti, ofan á hann hefur verið sett vírgirðing. Garðurinn er sigrinn og mjög grasivaxinn og grjóthleðslur hans eru því vart sýnilegar.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 - 43

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 64, 2, 28,1000 (-64,04113889) V: 22, 42, 17,6000 (-22,70488889)

Þvermál: 0.50 m

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 80 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Garðurinn liggur milli norðuhliðs Landakotstúns og lóðanna sem tilheyra húsum sunnan Brekkustígs.

Lýsing

Undirhleðslan, garðurinn liggur austur-vestur og er einhlaðinn úr grjóti, ofan á hann hefur verið sett vírgirðing. Hann er nokkuð grasivaxinn.

Heimildaskrá

Vettvangskonunnun 25/2 2004.

Aðrar upplýsingar: Síðan frá skráningunni 2004 er mun erfiðara að greina hleðsluveggi matjurtagarðsins, sem er að mestu hulin grasi sem hefur vaxið óskert yfir garðstæðið.

Sandgerði 1892 – 8



Mynd 9. Horft til suðurs yfir Kumblhól sem er til hægri.

Sérheiti: Kumblhóll

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Náttúruminjar

Aldur: Ekki eru heimildir um hvenær fyrst var talið að Kumblhóll væri bústaður huldufólks.

Staðsetning: Ísnet hnit: X 398162.6 Y 319135.2

Ástand: Vel greinanlegt sem náttúruminjar.

Hættumat: Hætta

Staðhættir: Rétt ofan við við veginn í Krókskotslandi er hóll sem heitir Kumblhóll. Hóll sem er í norðvestur frá húsinu Sunnuhvoli sem stendur við Víkurbraut.


Aðrar upplýsingar: Þarna var talinn vera huldufólksbústaður. Í heimild frá Berent Magnússyni segir að hóllinn heiti Kumblhóll, og á hólnum hvíli sterk helgi. Hann telur þó ólíklegt að þar hafi nokkur verið heygður.

Heimildaskrá: Ari Gíslason/ Berent Magnússon í Krókskoti. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1980

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 – 24

(12)



Mynd 3. S- 181043 60 – 24. Kumblhóll horft í suðaustur. Efst á hólnum tóft. Mynd Katrín Gunnarsdóttir

Sérheiti: Kumblhóll

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðsetning: N: 64, 2, 20,3000 (-64,03897222) V: 22, 42, 12,4000 (-22,70344444)

Hættumat: Á hólnum er tóft sem er í hættu ef að verða þar verklegar framkvæmdir

Hættumat: Nýbyggingar

Staðhættir:

Rétt ofan við við veginn í Krókakotslandi er hól sem heitir Kumblhóll.

Á smá hól norðvestur frá Sunnuhvoli sem stendur við Víkurbraut 17.

Aðrar upplýsingar:

Þarna var talið vera huldufólksbústaður. Í heimild frá Berent Magnússyni segir að hóllinn heiti Kumblhóll, og á hólnum hvíli sterk helgi. Hann telur þó ólíklegt að þar hafi nokkur verið heygður.

Heimildaskrá:

Ari Gíslason/ Berent Magnússon í Krókskoti. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1980

Frá skráningunni 2004: Enn er hóllinn á sínum stað, en þó ekki eins áberandi í landinu, sem stafar e.t.v. af því að tóftin sem skráð var á hólnum 2004 er ekki eins sýnileg og rennur meira saman við landið í kring og við það virkar hóllinn lægri í landinu.

Sandgerði 1892 – 9

Sérheiti: Krókskot

Hlutverk: Hleðsla.

Tegund: Garðlag.

Aldur: 1900

Staðsetning: Ísnet hnit: X 398169.9 Y 319122.4

Ástand: Horfið.

Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti frá 1919 er garðurinn í suðaustur frá Krókskoti.

Lýsing: Ekki er greinanlegt garðlag í landinu, en þarna er mikill grasvöxtur og sína sem hefur tekið yfir. Landið hefur að einhverjuleiti verið sléttað.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 - 6

Sérheiti: Krókstún

Hlutverk: Hleðsla.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 64, 2, 21,7000 (-64,03936111) V: 22, 42, 5,5000 (-22,70152778)

Hættumat: Mikil hætt.

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir:

Samkvæmt túnakorti frá 1919 er garðurinn í suðaustur frá Krókskoti.

Lýsing

Það sér móta fyrir garði sem liggur austur-vestur, suðaustan við húsið við Víkurbraut 15 norður af Kumbhlól.

Heimildaskrá

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. 1919

Aðrar upplýsingar: Síðan frá skráningunni 2004 er garðlagið ekki lengur merktanlegt í landinu en mikill grasvöxtur og sína hefur tekið yfir, og landið að einhverju leiti verið sléttað.

Sandgerði 1892 -10

Sérheiti: Kumbhlóll/Stekkir

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Aldur: 1850

Staðsetning: Ísnet hnit: X 398161.5 Y 319127.1

Ástand: Horfinn vegna sléttunar.

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Rétt ofan við við veginn í Krókakotslandi er hóll sem heitir Kumbhlóll. Ofan við hann er nefnt Stekkir. Í norðaustur frá húsinu Sunnuhvoli, norðaustan í Kumbhlól.

Lýsing: Þarna hefur verið sléttað síðan frá fornleifaskráningunni 2004 og ekki eru sýnileg merki um tóftina.


Aðrar upplýsingar: Heimild frá Berent Magnússyni sem segir að Stekki hafi verið hætt að nota fyrir 1900. Árið 1980 segir hann að ekki sjást merki um þá.

Heimildaskrá: Ari Gíslason/ Berent Magnússon í Krókskoti. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1980.

Vettvangskonun 25/2 2004.

Skráning 2004.

Sandgerði 181043 60 – 25



Teikn 1. S- 181043 60 – 25. Stekkur.

Sérheiti: Kumbhlóll/Stekkir

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 64, 2, 20,3000 (-64,03897222 V: 22, 42, 12,4000 (-22,70344444)

Þvermál: 1-2 m

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 10-11 m

Breidd: 10-11 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, nýbygging, skógrækt

Staðhættir: Rétt ofan við við veginn í Krókakotslandi er hóll sem heitir Kumbhlóll. Ofan við hann er nefnt Stekkir. Í norðaustur frá húsinu Sunnuhvoli, norðaustan í Kumbhlól.

Lýsing: Þar eru sagðar tættur en sumar horfnar. Tóftin er mjög óljós, hún liggur í halla á móti austri. Hún er grasivaxin, ekki sést í hleðslur. Erfitt er að greina skipulag tóftarinnar nema að takmörkuðu leiti.

Aðrar upplýsingar: Heimild frá Berent Magnússyni sem segir að Stekki hafi verið hætt að nota fyrir

1900. Árið 1980 segir hann að ekki sjást merki um þá.

Heimildaskrá

Ari Gíslason/ Berent Magnússon í Krókskoti. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1980.

Vettvangskönnun 25/2 2004.

Aðrar upplýsingar: Síðan frá skráningunni 2004, hefur verið sléttað yfir tóftarbrotin sem þá voru sýnileg og eru þau því horfin.

Sandgerði 1892 – 11



Mynd 10. Horft vestur að bæjarstæði Krókskots. Íbúðarhúsið Víkurbraut 15 er bak við trégirðinguna og útihús til hægri.

Sérheiti: Krókskot

Hlutverk: Hjáleiga

Aldur: 1700

Tegund: Heimild

Staðsetning: Isnet hnit: X 398308.7 Y 319144.7

Ástand: Horfið

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Jarðrask, byggingar.

Staðhættir: Krókskot hefur staðið þar sem nú stendur húsið Víkurbraut 15.

Lýsing: Þarna stendur nú íbúðarhús og útihús. Austan við þær byggingar voru 2004 óregluleg garðlög (garðar) en eru nú vart merkjanleg, en ef framkvæmdir verða austan við núverandi byggingar ætti að hafa í huga að þarna geti leynst minjar undir sverði. Samkvæmt túnakorti frá 1919 er túnið 1.2 teigar og kálgarðar 500 m².

Aðrar upplýsingar: Í Jarðabók frá 1703 segir að:

Krókskot er önnur hjáleiga frá Sandgerði.

Jarðardýrleiki óviss.

Ábúandinn Jón Indriðason.

Landskuld 60 álnir. Greiðist með þremur vættum fiska í kaupstað.

Timbur til húsviðgerða hefur ábúandinn lagt til í fjórtán ár, allt nema fjóra smárafta og nokkra tunnustafi sem Vilhálmur Jónsson hafi lagt til í næstu þrjú ár.

Leigukúgildi eitt. Leigur greiðist í fiski í kaupstað. Heimabóndinn yngir upp kúnna.

Kvaðir um mannlán árið um kring.

Kvikfénaður ein kýr léleg.

Heimilismenn tveir.

Eldiviðartak af fjöruþangi mjög lítið.

Jarðatal Johnsens frá 1847 segir að. segir um Sandgerði:

Er í bændaeign og er 60 af dýrleika, landskuld 2.0, kúgildi tvö. ábúendur tveir eigendur. Jörðin hafi sex hjáleigur og er **Krókskot** ein af þeim, þar er landskuld 0.60, kúgildi eitt, og ábúandi einn leiguliði.

Í skýringum í Jarðatali segir:

að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og

A. M. (með hér greindum leigumála) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

Heimildaskrá:

Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1951-1958. Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 60-62.

J. Johnsens. Jarðatal. Kaupmannahöfn. 1847, 87. Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 – 3

Sérheiti: Krókskot

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Heimild

Staðsetning: N: 64, 2, 21,4000 (-64,03927778) V: 22, 42, 23,4000 (-22,70650000)

Horfin: Já

Hættumat: Engin hættu

Hættuorsök: Engin

Staðhættir

Krókskot hefur staðið þar sem nú stendur húsið Víkurbraut 15.

Lýsing Þarna stendur nú íbúðarhús og útihús. Austan við þær byggingar eru óregluleg garðlög (garðar) sem ætti huga að ef framkvæmdir verða á því svæði.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 er túnið 1.2 teigar og kálgarðar 500 m².

Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók frá 1703 segir að:

Krókskot er önnur hjáleiga frá Sandgerði.

Jarðardýrleiki óviss.

Ábúandinn Jón Indriðason.

Landskuld 60 álnir. Greiðist með þremur vættum fiska í kaupstað.

Timbur til húsviðgerða hefur ábúandinn lagt til í fjórtán ár, allt nema fjóra smárafta og nokkra tunnustafi sem Vilhálmur Jónsson hafi lagt til í næstu þrjú ár.

Leigukúgildi eitt. Leigur greiðist í fiski í kaupstað. Heimabóndinn yngir upp kúnna.

Kvaðir um mannlán árið um kring.

Kvikfénaður ein kýr léleg.

Heimilismenn tveir.

Eldiviðartak af fjörupáangi mjög lítið.

Jarðatal Johnsens frá 1847 segir að. segir um Sandgerði:

*Er í bændaeygn og er 60 af dýrleika, landskuld 2.0, kúgildi tvö. ábúendur tveir eigendur. Jörðin hafi sex hjáleigur og er **Krókskot** ein af þeim, þar er landskuld 0.60, kúgildi eitt, og ábúandi einn leiguliði.*

Í skýringum í Jarðatali segir:

að prestur en eigi sýslumaður, nefnir hjáleigurnar svo og

A. M. (með hér greindum leigumála) og jarðabók 1803, nema Götu sem þó eftir prestsskýrslum virðist byggt býli.

Heimildaskrá:

Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1951-1958.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 60-62.

J. Johnsens. Jarðatal. Kaupmannahöfn. 1847, 87.

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

Aðrar upplýsingar: Frá því að skráningin 2004 var gerð hafa ekki orðið miklar breytingar umhverfis íbúðarhúsið Víkurbraut 15. En garðlög sem voru merkjanleg austan við húsið við skráningun 2004 eru núna ill merkjanleg eða alveg horfin.

Sandgerði 1892 – 12



Mynd 11. Horft til suðurs yfir matjurtagarðinn.

Sérheiti: Landakot

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Aldur: 1900

Þvermál: 0.50 m

Hleðsluhæð: 0.30 m

Lengd: 15-17 m

Staðsetning: Íssnet **hnit:** X 398411.8 Y 319041.2

Ástand: Greinanlegar fornleifar

Hættuorsök: Vegna rasks.

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Nýbyggingar/sléttun

Staðhættir: Það sem nú er hægt að greina af matjurtagarðurinn er fast vestan við húsin sem standa við Hlíðarbraut 11a og 9a, en gamla bæjarstæði Landakots er þar sem nú er fiskverkunarhús, áður rækjuverksmiðja.

Lýsing: L-laga garðlag, mjög grasivaxið er hægt að greina þar sem styttri armurinn sem liggur austur -vestur er um 5 m, og lengri armurinn sem liggur norður-suður er um 11-12 m. Veggir útflattir, og hleðsluhæð um 0.30 m.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 er kálgarður 500 m².

Aðrar upplýsingar: Stærðin á þeim matjurtagarði sem er þarna er aðeins brot af þeim kálgarði sem hefur verið samkvæmt túnakorti frá 1919, en þarna hefur verið mikið sléttað og gerð tún.

Heimildaskrá: Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 - 8 (3)

Sérheiti: Landakot

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Mannvirki

Staðsetning: N: 64, 2, 25,4000 (-64,04038889) V: 22, 42, 17,8000 (-22,70494444)

Þvermál: 0.50 m

Hleðsluhæð: 0.80 m

Lengd: 15 m

Breidd: 5 m

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nýbyggingar

Staðhættir

Þessi garður er vestan við Landakot, fast við gamla bæjarstæðið sem er í austur þar sem nú er fiskverkunarhús, áður rækjuverksmiðja.

Lýsing: Samkvæmt túnakorti frá 1919 er kálgarður 500 m².

Aðrar upplýsingar: Stærðin á þeim matjurtagarði sem er þarna er aðeins brot af þeim kálgarði sem hefur verið. Samkvæmt túnakorti frá 1919, en þarna hefur verið mikið sléttað og gerð tún.

Heimildaskrá: Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1919.

Vettvangskonnnun með Reyni Sveinssyni 25/2 2004.

Athugasemd: Frá skráningunni 2004 hefur garðlagið sem var þá í kringum garðinn að mestu horfið í gróður að ýmsu tagi, en þó hægt að fylgja umgjörð hans að einhverju leiti frá fyrri skráningu. Umgjörðin er L-laga, þar sem lengri armurinn er 10-12 m í norður suður og um 5 m í austur- vestur. En eins og segir í fyrri skráningu þá er þessi garðbútur aðeins brot af þeim garði sem var, og þessi garður líklegri til að tilheyra síðari búsetu staðarins.

Sandgerði 1892-13



Mynd 12. Horft til norðurs yfir garðlagið sem er hringlaga fyrir miðri mynd.

Sérheiti: Álfhóll

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Garðlag

Aldur: 1850

Staðsetning: Ísnet hnit: X 398329.4 Y 319075.8

Ástand: Illgreinanlegar fornleifar

Hættumat: Hætta


Hættuorsök: Rask

Staðhættir: Álfhóll er á opnu svæði norð-vestan Víkurbrautar á smá hól í grasigrónu túni.

Lýsing: Tóftin sem var skráð 2004 var nokkuð merkjanleg ásamt garðlagi sem var í hálfhring í kringum hana. Nú eru aðeins innri brúnir garðlagsins sem lá við tóftina ennþá merkjanlegar. Ytri brúnir garðlagsins renna saman við landið í kring. Garðlagið er mjög grasivaxið, um 8 m langt og hleðsluhæð er 0.25 m.

Munnmæli: Í heimild frá Berent Magnússyni segir hann að Álfhóll sé bústaður álfa og fullyrt að þar hrekist aldrei hey.


Heimildaskrá: Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði. Örnefnastofnun. 1951 – 1958.



Mæling af garðlaginu.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 – 27 (4)



Teikn 3. S- 181043 60 – 27. Tóft.

Sérheiti: Álfhóll

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 64, 2, 25,6000 (-64,04044444) V: 22, 42, 25,7000 (-22,70713889)

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, nýbygging, skógrækt

Staðhættir

Álfhóll er á opnu svæði norð-vestan Víkurbrautar á smá höll í grasigrónu túni eru óljósar tóftir.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin og ekki sést í hleðslur. Innri brúnir tóftarinnar nokkuð skýrar en ytri brúnir renna saman við landið í kring. Tóftin er eitt hólf og er opin til vesturs, veggjahæð er um 0.40 m þar sem það er hæst við norðurhlið en lækkar síðan fremst og rennur saman við landið.

Við enda tóftarinnar er ólós grasivaxinn garður í hálfhring.

Munnmæli: Í heimild frá Berent Magnússyni segir hann að Álfhóll sé bústaður álfa og fullyrt að þar hrekist aldrei hey.

Heimildaskrá: Ari Gíslason. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði.

Örnefnastofnun. 1951 – 1958.

Aðrar upplýsingar: Í skráningunni 2004 var tóftin greinanleg. Tóftin er nú illgreinanleg vegna gróðurs sem vex óhindrað, en innri brúnir garðlags, sem var í hálfhring um tóftina, eru enn greinanlegar.

Sandgerði 1892- 14



Mynd 13. Horft yfir tóftina sem er á hólnum fyrir miðri mynd.

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Aldur: 1850

Staðsetning: Isnet hnit: X 398207.7 Y 319097.2

Hleðsluhæð: 0.20 m


Ástand: Greinanleg

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Gras og gróður eru að má út tóftina.

Staðhættir: Á smá hól, Kumbhlól í norð vestur frá húsinu Sunnuhvoli.

Lýsing: Tóftin er mjög grasivaxin. Ytri brúnir hennar renna saman við landið. Óljósar innri brúnir sem er hægt að hægt að fylgja, en þær hafa sigið inn að miðju hennar og eru því frekar óljósar, og innra svæði tóftarinnar er um 1-2m². Óljóst op er merkjanlegt til vesturs.



Mæling af tóftinni.


Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 – 26 (9)



Mynd 4. S- 181043 60 – 26. Tóft á Kumbhlól horft í austur. Reynir Sveinsson til hægri. Mynd Katrín Gunnarsdóttir.

Sérheiti: Kumbhlóll



Teikn 2. S-181043 60 – 26. Tóft.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 64, 2, 20,3000 (-64,0389722) V: 22, 42, 12,4000 (-22,70344444)

Þvermál: 1-2 m

Hleðsluhæð: 0.50 m

Lengd: 7-8 m

Breidd: 6-7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, nýbygging, skógrækt

Staðhættir: Á smá hól í norð vestur frá húsinu Sunnuhvoli.

Lýsing: Skeiðulaga lítil tóft, hún er grasivaxin, ytri brúnir veggjana renna saman við landið í kring, hún er opin í vestur.

Heimildaskrá: Vettvangskonunn með Reyni Sveinssyni 25/2 2004

Aðrar upplýsingar: Síðan frá skráningunni 2004, hefur gras og svörður allt að því afmáð tóftina á hólnum, þó er ennþá hægt að fylgja afmörkun veggja hennar og opi í vestur.

Sandgerði 1892 - 15



Mynd 14. Horft í suður eftir garðinum sem liggur frá hægra horni myndar yfir í miðja mynd.

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Hleðsla

Aldur: 1900

Staðsetning: Ísnet hnit: X 398169.9 Y 319122.4

Ástand: Vel greinanlegt

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna rasks

Staðhættir: Garðlagið liggur í suður norður, austan í Kumbhlól, um 20 m út frá norðvesturhorni hússins Sunnuhvols sem stendur við Víkurbraut 17.

Lýsing: Garðurinn er mjög grasivaxinn og siginn í landinu, ekki sést í hleðslur. Hann er um 12 m langur, hæð um 0.40 m og og veggjaþykkt um 0.40 m.

Aðrar upplýsingar: Þessi garður var ekki skráður í skráningunni 2004.

Sandgerði 1892 – 16



Mynd 15. Horf til norður að húsinu Tjarnargötu 2, þar sem var miðið Sjónarhóll.

Sérheiti: Sjónarhóll

Hlutverk: Mið

Tegund: Heimild um mið

Aldur: Ekki eru heimildir um aldur

Staðsetning: Ísnet **hnit:** X 398368.0 Y 318788.8

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir: Sjónarhóll er sunnan við húsið Tjarnargötu 2, innan girðingar.

Lýsing: Þarna hefur verið lækkað og sléttað og er nú baklóð sunnan við húsið Tjarnargötu 2.

Heimildarmaður: Reynir Sveinsson 2017.

Skráning 2004

Sandgerði 181043 60 - 33

Sérheiti: Sjónarhóll

Hlutverk: Mið

Tegund: Hemild um mið

Staðsetning: N: 64, 2, 26,0000 (-64,04055556) V: 22, 42, 40,0000 (-22,71111111)

Hættumat: Engina

Staðhættir: Sjónarhóll er sunnan við húsið Tjarnargötu 2.

Lýsing: Þarna hefur verið lækkað og sléttað og er nú baklóð hússins Tjarnargötu 2.

Heimildarmaður: Reynir Sveinsson 2004.

Aðrar upplýsingar: Frá skráningunni 2004 hafa ekki orðið breytingar á þeim stað sem heimild er um hvar miðið var staðsett.

Niðurstöður.

Skráningarsvæðið er í landi Sandgerðis og samkvæmt túnakorti frá 1919 eru þar hjáleigurnar Krókskot (**1892-9**) og Landakot (**1892-6**), einnig er býlið Nýibær (**1892-4**) innan skráningarsvæðisins, en túnakortið nær ekki yfir Nýjabæ, en samkvæmt örnefnskrá hefur Nýibær sameinaðst Krókskot 1883.

Svæðið liggur miðsvæðis vestarlega í byggðinni í Sandgerði, og telst nokkuð óraskað. Samkvæmt túnakrotinu frá 1919 eru matjurtagarðar við bæjarstæði Landakots (**1892-12**), og garður var einnig sagður við Krókskot, en sá matjurtagarður (**1892-5**) er við norðan við bæjarstæði Nýjabær sem var undir Krókskoti frá 1883. Lega garðanna var frá bæjarstæðnum út að miðju skráningarsvæðisins þar sem síðar hafa verið ræktuð tún. Landið er nú grasivaxið og nokkuð slétt, en nú hefur heyskapur verið aflagður og grasið fengið að vaxa að nokkru leiti óhindrað. Túnlendið er nú skorið af gönguleiðum sem íbúar nota til að fara á milli staða og má ætla að þessar gönguleiðir hafa mótast af eldri gönguleiðum sem lágu á milli bæjanna sem þarna hafa staðið.

Innan svæðisins eru tveir náttúrulega lagaðir hólar sem báðir eru kenndir við þjóðtrú. Það er Álfhóll (**1892-13**) og Kumblhóll (**1892-8**). Á Álfhól er garðlag sem lá að tóftarbroti sem var greinanlegt 2004 en er nú horfið (**1892-2**), og á Kumblhól er lítil tóft (**1892-14**) sem er öllu heillegri. Þá er tóft með heygróp (**1892-1**) sunnan og austan við bæjarstæði Landakots í norðurjaðri túnsins. Á milli Krókskots og Landakots er brunnstæði (**1892-3**).

Innan svæðisins voru skráðar 14 fornleifar árið 2004, og við skráninguna 2017 eru þessar fornleifar endurskráðar og metnar eftir því ástandi sem þær eru núna og hvað hefur breyst síðan þær voru skráðar 2004. Tvær af þeim voru sameinaár í nýju skráningunni. Nýskráðar á svæðinu eru 3 minjar sem eru metnar samkvæmt núgildandi stöðlum Minjastofnunnar, ásamt öðrum skráðum minjum sem eru samtals 16.

Samantekt á niðurstöðum.

Það sem vekur athygli á skráningunni frá 2004 og á skráningunni sem nú hefur verið gerð, er hvað fornleifarnar hafa veðrast eða jafnvel horfið vegna jarðrasks eða vegna gróðurs sem tekið hefur yfir og þær orðið illgreinanlegar eða þær hafa tapað sýnileika vegna vanhirðu að einhverju leiti.

Bæjarstæði:

Þar sem hafa staðið bæjarhús og útihús hjáleiganna Krókskot (1892-11) og Landakot (1892-6) standa nú byggingar sem reistar hafa verið á seinni tímum. Húsið Víkurbraut 15 stendur á bæjarstæði Krókskots og er vel við haldið íbúðarhús sem á líklega á eftir að standa áfram, en með fyrirvara um jarðrask í námunda við húsið, en gera má ráð fyrir að þarna gætu leynst minjar undir sverði.

Þar sem hjáleigan Landkot hefur staðið standa nú að hluta til fiskverkunarhús, aflagt fjós og íbúðarhús sem er nú nýtt að hluta til fyrir tímabundna búsetu. Húsunum er þó ekki haldið við sem skyldi, og gæti það leitt til þess í framtíðinni að þau verði látin víkja og landnotkun gæti orðið önnur en hún er núna. Þá er að hafa það í huga að heimildir eru í Jarðabók frá 1703 um hjáleiguna Landkot sem leiðir líkur að því að við jarðrask við það að þær byggingar sem þarna standa núna og yrðu látnar víkja að þar gætu leynst minjar undir sverði.

Það sama má segja um Nýjabæ (1892-4) en heimildir segja að Nýibær var býli skammt austan Krókskots sem 1883 var sameinað Krókskoti. Á baklóð lóðarinnar Austurgötu 7, Þórshamars eru garðlög/tóftarveggir sem eru enn vel sýnileg og eru í hættu ef til kæmi jarðrask í eða við garðana. En frá skráningu 2004 hefur hluti garðlags verið fjarlægður frá vesturenda garðlagsins sem liggur austur-vestur. Það sem var fjarlægt lá í suður og var um 5x5 m² og um 0.50 m á hæð, og garðlagið lengt efir lóðamörkum til vesturs. Við jarðrask í og við þau garðlög sem eftir standa þarf að afla leyfis Minjastofnunar þar sem þarna gætu leynst minjar í hleðslum og/eða undir sverði.

Náttúruminjar, álfar, huldufólk og minjar staðsettar þar um kring:

Það sem er einkennandi fyrir svæðið sem að mestu leiti er slétt tún sem nú hafa verið aflögð með tilheyrarandi grasvexti. Í landinu eru tveir náttúrulega lagaðir hólar, annar þeirra er u.þ.b. fyrir miðju svæðisins og er kendur við álfa (1892-2). Hinn hóllinn, Kumblhóll er huldufólksbústaður (1892-14) og er í suðaustur hluta svæðisins og segir í heimildum að á hólnum hvíli sterk helgi.

Á hólnum sem er kenndur er við álfa (1892-2) var við skráninguna 2004 hægt að finna óljós tóftarbrott, en þau eru nú vart merkjanleg, en innri brúnir garðlags/vörslugarðs (1892-13) sem var í hálfhring út frá tóftarbrottinu sem nú er horfið, eru ennþá greinanleg. Heimildir segja að Álfhóll sé bústaður álfa og fullyrt að þar hrekist aldrei hey.

Á þeim tíma sem liðin er frá fyrri skráningu fram að skráningar 2017, má sjá að tóftarbrotið sem þá var greinanlegt hefur horfið í grasvöxt og sinu á hólnum, og má ætla að það sama muni gerast við garðlagið **(1982-13)** sem hefur einnig orðið undir vegna ágangs grass og sinu og er því mun ógreinilegra en það var.

Í norðaustur frá húsinu Sunnuhvoli, norðaustan í Kumbhlól voru greinanleg tóftarbrot, svonefndir Stekkir **(1892-10)** við skráninguna 2004, en nú hefur landið verið sléttað, og ekki eru sýnileg merki um tóftarbrotið.

Efst á Kumbhlól er lítil tóft, **(1892-14)**, frá fyrri skráningu 2004 hefur tóftin horfið að mestu gras sem vex óhindrað, og verður að sinu í lok hvers sumars. Tóftin er ekki í beinni hættu nema að því leiti að hættu stafar af gróðri og e.t.v. af mannavöldum.

Tóft og brunnur:

Tóft með heygróp **(1892-1)** er í norðurhluta svæðisins, og hefur verið í landi Krókskots, samkvæmt túnakorti 1919. Þessi tóft er best varðveitta tóftin á skráningarsvæðinu, þó að illa hafa verið gengið um hana frá skráningunni 2004.

U.þ.b. mitt á milli hólanna tveggja sem eru í landinu er brunnur, **(1892-3)** steypur kantur er nú í kringum brunnopið, sem er að mestu hulið grasi, en var 2004 mun sýnilegra. Brunnurinn og tóftin eru í landi Krókskots samkvæmt túnakorti 1919.

Matjurtagarðar:

Tveir matjurtagarðar eru skráðir, annar við Krókskot **(1892-5)** sem er norðan við bæjarstæði Nýjabæjar, nú hússins Þórshamars, Austurgötu 7. Þar er hægt að greina tvö garðlög sem liggja nokkuð þétt saman, og leiða má líkum að því að garðlögin hafi verið hluti af matjurtgarði Krókskots.

Þá var matjurtagarður **(1892-12)** við Landakot.

Garðlögin frá þessum görðum sem hér hafa verið skráðir eru ekki stór miðað við stærðina á þeim matjurtagörðum sem getið er um á túnakortinu frá 1919. Líklegt er að garðurinn við Landakot sem nú eru sýnilegur hafi aðeins verið í notkun við síðari tíma búsetu við Landakot og garðarnir við Krókskot ekki verið í notkun mjög lengi.

Þá má einnig taka fram að landið í og við garðana hefur verið sléttað í tún. Þar með hafa garðlögin frá görðunum horfið. Túnin sem einu sinni voru eru ekki ræktunarland lengur.

Garðlög:

Garðlag **(1892-9)** Garðurinn var skráður sem ógreinilegur í skráningunni 2004 og hefur legið í austur-vestur suðaustan við húsið Víkurbraut 15. Við skráninguna núna var garðurinn ekki merkjanlegur vegna gróðurs og mikillar sinu sem hefur tekið yfir.

Garðlag **(1892-15)** sem liggur norður-suður, austan við Kumbhlól og liggur á milli lóðana sem er Víkurbraut 17 og Austurgötu 1. Má vera að garðurinn hafi verið garður á milli lóðana, eða verið afmörkun matjurtagarðs sem hefur verið í vestur frá húsinu Austurgötu 1.

Undirhleðslugarður **(1892-7)** liggur sunnan við húsaröðina við Brekkustíg og er nokkuð heillegur, þótt hleðslur hans séu að mestu á grasivaxnar. Þó sést í einstaka tréstaup upp úr garðhleðslunni.

Mið:

Sjónarhóll er heimild um mið **(1892-16)** sem var staðsett sunnan við húsið Tjarnargötu 2. Lóðin hefur verið jöfnuð og sléttuð og mið ekki legnur notuð af sjómönnunum til innsiglingar inn til Sandgerðis í dag.

Lokaorð.

Það er athyglisvert að bera saman fyrri skráningu frá 2004, og skráninguna sem var nú var gerð 2017, og sjá hvað þær minjar sem voru á skráningarsvæðinu við fyrri skráningu hafa horfið eða eru vanhirtar á einhvern hátt. Það er því mikilvægt að hlúa að þeim hluta sem tengist þjóðtrú og þeim minjum sem enn eru sýnilegar sem minnisvarða um liðna tíð í okkar nútíma samfélagi.

Einnig má minna á Lög um menningarminjar frá 2013 Í 1. grein segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Heimildaskrá

Ari Gíslason. 1951-1958. Örnefnaskrá. *Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur, Sandgerði*. Örnefnastofnun. 1951 – 1958.
Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók *Jarðabók. Þriðja bindi* 1703, Kaupmannahöfn 1923-1924. bls. 58-62
Gunnar M. Magnúss. 1963, *Undir Garðsskagavita. Héraðssaga Garðs og Leiru*. Reykjavík. 1963, 9-10, 248-249.
Íslenzkt Fornbréfasafn II, frá 1253- 1350, 76-79
J. Johnsens. *Jarðatal*. Kaupmannahöfn. 1847, 87.
Katrín Gunnarsdóttir 2004. *Fornleifaskráning Sandgerði og Býjasker að hluta Landnáma I. bindi*, síðari hluti. 1965, 392
Magnús Grímsson. “Fornminjar á Reykjanesskaga”. *Landnám Ingólfs I-III. Landnám Ingólfs, safn til sögu þess. Ýmsar ritgerðir II. bindi*. Reykjavík. 1936-40, II 248-249
Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands 1919

Aðrar heimildir:

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80, 29 júní, sem tóku gildi 1. janúar 2013. Heimasíða Alþingis.
Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 3 Verndarsvæði í byggð tillaga og greinagerð Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017.

Heimildarmaður: Reynir Sveinsson, Bjarmalandi 5, Sandgerði. (2017)

Kort með fornleifunum

